

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sveitarfélagið Hornafjörður Lón



Dags eftirlits	6.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Hornafjörður	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnarbraut 27	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590169-4639	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Aspar Stefánsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	692965,529 428910,162

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar uppsöfnun vatns á yfirborði. Engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar í Lóni. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Varnir gegn foki úrgangsefna (gr. 3.1)
- Sigvatn (gr. 3.3)
- Móttaka og skráning úrgangs (gr. 4.1)
- Skráningar (gr. 5.1)
- Skoðunarferð

Á urðunarstað sveitarfélagsins er heimilt að urða 3000 tonn af almennum heimilis- og rekstrarúrgangi. Árið 2020 voru urðuð 1726 tonn á urðunarstaðnum sem er vel innan heimilda starfsleyfisins. Mjög hefur verið dregið úr urðun lífræns úrgangs á urðunarstaðnum þar sem honum er nú sérsafnað í sveitarfélaginu og fer í jarðgerð.

Rætt var um varnir gegn foki úrgangsefna, en á urðunarstaðnum er mjög vindasamt sem veldur erfiðleikum við urðun. Fram kom að viðmið verktaka um vindstyrk væri mjög lágur og því tækist nokkuð vel að halda foki úrgangsefna í skefjum.

Í síðasta eftirliti og eftirliti nú vakti athygli litur vatns sem rennur frá hreinsivirki urðunarstaðarins og í læk á aurunum neðan hans. Vatnið er mórautt og stingur í stúf við umhverfið. Ekkert í sýnatökum á sigvatni og í læknum bendir þó til mengunar.

Samkvæmt grænu bókhaldi rekstraraðila er úrgangur sem kemur inn til urðunar vigtaður á hafnarvoginni á Höfn og skráð eftir því.

Við eftirlit 2020 komu fram tvö frávik frá starfsleyfi vegna ófullnægjandi skila á skráningum sem og að þeim var skilað eftir að skilafrestur var liðinn. Rekstraraðili hefur nú skilað fullnægjandi skráningum og telst því frávikinu lokið.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Hlið var læst við komu og girðing umhverfis urðunarstaðinn var í lagi. Urðunarstaðurinn er skipulagður og snyrtilegur. Hreinsivirki var skoðað og er ástand þess betra enn í síðasta eftirliti, en nú rennur tært vatn úr hreinsivirkinu í stað mórauðs sem var í síðasta eftirliti.

Skoðaðar voru eldri lífrænar gryfjur sem búið er að fara í lokafrágang á. Yfirborð þeirra hefur sigið nokkuð vegna niðurbrots lífræna úrgangsins og var nokkuð af vatni í yfirborði þeirra. Telst þetta vera frávik frá gr. 3.2 í starfsleyfi er varðar verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatn, en koma skal í veg fyrir að vatn safnist í úrganginn. Mikilvægt er að fylgjast með sigi á urðunarstaðnum, sér í lagi í lífrænum gryfjum, og bæta við yfirlagsefni til að koma í veg fyrir að vatn sitji í yfirborði urðunarstaðarins.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 3.2 í starfsleyfi, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs

Rekstraraðili skal koma í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Vatn var í eldri gryfjum þar sem lokafrágangur hafði farið fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.01.2022



Sigríður Magnúsdóttir

